

130. löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 376 — 325. mál.

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um verklag við fjárlagagerð.

Frá Helga Hjörvar.

Á grundvelli hvaða lagaheimilda byggjast tilmæli forsætisráðuneytisins til Alþingis um verklag við fjárlagagerð, einkum er varðar samskipti Alþingis og stofnana þess við fjárlaganefnd, frá 28. október 2003? Með hvaða hætti samrýmast þau 2. mgr. 10. gr. laga um þingsköp Alþingis, 4. mgr. 21. gr. laga um fjárreiður ríkisins, 2. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun?